



Svar við fyrirspurn

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Efni:

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um mathöll í Mjódd og skiptiðstöðu Strætó, sbr. 25. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 1. nóvember 2023. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa. USK23110012

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Lagt er til að skoðaðir verði möguleikar á að tengja Göngugötuna í Mjódd og skiptistöð Strætó með sérstakri byggingu og að þar verði komið á fót mathöll í samstarfi við einkaaðila. Unnið verði að málinu í góðu samstarfi við Strætó bs. sem og aðra rekstraraðila og fasteignaeigendur í Mjóddinni. Markmið verkefnisins verði að efla Mjóddina sem verslunar- og þjónustumiðstöð og bæta þjónustu við strætisvagnafarþega.

Svar: Unnið er að skipulagi fyrir svæði sem nær yfir svokallaða Norður Mjódd þ.e. á svæði sem nær frá Álfabakka að Stekkjarbakki í norðri þar sem m.a. er gert ráð fyrir íbúðum og fjölbreyttri þjónustu á jarðhæðum næst Álfabakka. Enn sem komið er þá liggja ekki fyrir áform eða ákvarðanir um að ráðast í skipulagsvinna á svæðinu sem nær frá Álfabakka að Breiðholtsbraut. Gert er ráð fyrir einhverjum breytingum á umræddri skiptistöð samkvæmt áætlum Strætó til lengri framtíðar og með tilkomu 2. áfanga Borgarlínu sem kemur til með að liggja um svæðið og tengjast inn í Breiðholtshverfin. Nokkur óvissa ríkir því um framtíðarnýtingu húsnæðisins. Að því sögðu er ekki tímabært að ákveða aðra starfsemi í umræddu hús að svo stöddu.

Björn Axelsson